

Fundur hverfisnefndar Brekku og Innbæjar haldinn rafrænt 12. nóvember 2020

Mættir: Inga Elísabet Vésteinsdóttir (formaður), María Jónsdóttir, Sigmundur Kr. Magnússon
Að auki sat Atli Þór Ragnarsson fundinn, en hann er áhugasamur um setu í nefndinni.

Fundarritari: Inga Elísabet Vésteinsdóttir

1. Nýtt leiðanet SVA, erindi frá 28. október 2020

- a. Nefndin telur ekki ásættanlegt að Innbærinn sé eingöngu tengdur nýju leiðakerfi með pöntunarþjónustu. Mikilvægt er að allir íbúar skólahverfisins hafi fullan aðgang að beinum leiðum í sinn hverfisskóla. Röng skilaboð eru send til íbúa með því að tryggja ekki almennt aðgengi að reglulegum ferðum strax í upphafi. Skólabíll í Brekkuskóla var lagður niður í haust og íbúum send þau skilaboð að góð tenging væri með Strætó við grunn- og framhaldsskóla. Nýtt leiðakerfi verður afturför að þessu leyti fyrir íbúa Innbæjar, sem eru nú þegar uggandi og telja að sér vegið. Best væri að leiðréttu þessa mismunun strax með almennum hætti, en ekki sérlausnum sem auka enn frekar á þá tilfinningu að hverfið sé til vandræða.
- b. Einnig liggur beint við að nefna að starfsemi Minjasafnsins staðsett við Aðalstræti. Reglulegar almenningssamgöngur hjóta að vera sjálfsagðar, og hagkvæmar til og frá slíkri stofnun í rekstri bæjarins.
- c. Nefndin gerir athugasemd við að ekki er gert ráð fyrir tengingu við flugvöll í nýju leiðakerfi. Teljum við það skammsýni og ekki gert með hagsmuni bæjarbúa að leiðarljósi.
- d. Tengingu vantar við Hamra og Kjarnaskóg. Fjölbreytt starf er á svæðinu (Útivist, tjaldstæði, íþróttaiðkun, skátastarf...) og ekki ætti að þurfa að treysta á einkabíllinn eða hjólið til að fá að njóta útivistar þar.

Nefndin leggur til skjóta úrlausn hvað varðar Innbæinn, þar sem blá lína (leið 1) snýr ekki hjá Skautahöll, heldur beygir inn Aðalstræti, ekur sem leið liggur að Höephners húsi og fari þar út á Drottningarbraut og til baka inn að Skautahöll. Aukalykkjan tekur ekki meira en 5 mínútur og væri mikil bót. Seinna mætti svo skoða hvernig leið 3 gæti ef til vill sinnt sama hlutverki og jafnvel lengingu þeirrar leiðar til suðurs að flugvelli og Kjarnaskógi.

2. Tjaldstæðisreitur, erindi frá skipulagsdeild frá 28. október 2020

Hverfisnefnd Brekku og Innbæjar fagnar skipulagi reitsins og telur staðsetninguna henta vel nýrri heilsugæslustöð. Nokkur atriði viljum við nefna sem veganesti inn í áframhaldandi skipulagsvinnu.

- a. Við nærliggjandi götur má sjá hvernig gömlu húsin á staðnum voru fléttuð inn í nýrra skipulag (t.d. Ásabyggð, Goðabyggð og Hrafnagilsstræti). Þar standa gömlu húsin aftar í húsalínunni, sem annars er fullkomlega einsleit. Við teljum gamla húsið sem stendur við Þórunnarstræti (byggt 1926) sem og Húsmæðraskólinn geti hæglega rúmast í nýju skipulagi og ljáð svæðinu sjarma. Við mælum því með því að nýju skipulagi verði gert að halda í heiðri þær byggingar sem þegar eru á svæðinu með nýstárlegri nálgun - það er auðvelt að skipuleggja autt blað, en það þarf fagmenn til að skipuleggja í grónu hverfi.
- b. Starfsemi heilsugæslu mun óneitanlega fylgja nokkur umferð bíla. Svæðið er þó vel tengt og má hæglega takmarka bílastæði t.a.m. fyrir starfsfólk. Ekki er þó hægt að ætlast til að veikt fólk og fólk úr nærsveitum komi fótgangandi eða með strætó. Því þarf að gæta þess við hönnun að draga úr þeirri tilhneigingu að bílum verði lagt við

gangstéttar við nærliggjandi götur svo að hætta geti stafað af. Mikil gangandi umferð er nú þegar um svæðið og mun hún síst minnka við aukna starfsemi. Huga þarf vel að því hvers konar starfsemi verði á reitnum auk heilsugæslu m.t.t. þess að samnýta bílastæði (dag/kvöld) og veita því athygli að um gróið hverfi er að ræða.

- c. Ekki verður flúið frá því að bæta á umferðarþunga Þórunnar- og Þingvallastrætis, en báðar götur ættu að anna aukinni bílaumferð. Þessar æðar eru þó komnar að þolmörkum hvað varðar gangandi umferð, sérstaklega til og frá Brekkuskóla. Rúmlega 600 börn þurfa að ganga yfir þessar götur á háanna tíma á degi hverjum. Skipulagsvinna hlýtur að bjóða upp á gagngera endurskoðun á tilhögun umferðar gangandi vegfarenda á svæðinu. Því fögnum við.

3. Starfsemi hverfisnefndar. Mjög ólík hverfi og ólíkar þarfir.

Sú staða er uppi að við sitjum nú þrjú í hverfisnefnd Brekku og Innbæjar. Einn aðili hefur lýst áhuga á setu í nefndinni (Atli Þór Ragnarsson) og hefur hann sett fundi nefndarinnar undanfarið. Fundir hafa þó ekki verið með reglulegum hætti undanfarið. Orsök þess eru:

- a. Mjög fáir sóttu síðasta aðalfund og enginn bauð sig fram til setu í nefndinni. Við sitjum því enn, þrátt fyrir vilja til þess að hleypa nýju fólki að og höfum e.t.v. ekki þann eldmóð lengur sem áður var.
- b. Óvissa um framtíð hverfisnefnda, sem og óvissa um það til hvers er nákvæmlega ætlast af nefndinni hefur mikil áhrif á starfið. Nokkur ár eru nú síðan fundað var með öllum nefndunum og tilkynnt að breytinga á fyrirkomulaginu væri að vænta. Ekkert meira kom þó út úr þeirri vinnu. Nú hefur tekið til starfa stýrihópur um íbúalýðræði, en ekkert heyrist um hvort okkar þjónusta er enn óskað, eða hvort starf nefndanna muni taka breytingum í náinni framtíð. Af þessum sökum höfum við hikað með að halda nýjan aðalfund og herja á nýtt fólk til þátttöku - við kunnum illa við að gefa vinnu okkar við slíkt fundahald á meðan við vitum í raun ekki lengur hvaða umboð við höfum og getum því ekki útskýrt nákvæmlega hvað seta í nefndinni þýðir fyrir nýju fólki.

Við óskum eftir skýrum skilaboðum um framtíð hverfisnefnda, útlistun á því til hvers bærinn ætlast til af nefndarmönnum og ef um áframhaldandi starf er að ræða, hversu lengi má vænta þess að starfið verði óbreytt.

Ekkert okkar ætlast til áframhaldandi setu eða forgangi við val í nýjar nefndir. Við óskum aðeins eftir því að málin skýrist þannig að við getum sinnt starfinu með sóma og kynnt það útávið með vissu í brjósti.

Mikil þekking og reynsla liggur hjá því fólki sem settið hefur í hverfisnefndum og viljum við hvetja umræddan stýrihóp til samráðs við mótun nýrrar stefnu um íbúalýðræði til framtíðar, sama með hvaða hætti það mun verða. Í okkar röðum er vafalaust að finna einstaklinga sem hafa mikinn áhuga á málefnum og geta veitt innsýn sem nýtist án efa við stefnumótun.